



## Fundargerð hreppsnefndar 09. janúar 2014

**Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 9. jan. 2014 kl. 16.00 í Miklagarði.**

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríðuríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Hafþór Róbertsson.

Oddviti Bárður Jónasson ritaði fundargerð í fjarveru sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 12. des. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 12. des. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð menningarmálanefndar frá 6. nóv. 2012.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð Arnarvatns 6. jan. sl.

Lögð fram fundargerð Arnarvatns frá 6. jan. sl. Oddviti gerði grein fyrir fundargerðinni og lagði til að hreppsnefnd tæki undir samþykkt stjórnar Arnarvatns ehf. um að auglýsa hótelið til sölu og/ eða leigu á landsvísu.

Nokkrar umræður urðu um málið, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Málsmeðferð þessi var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum og var sveitarstjóra og oddvita falið að fullvinna málið í samvinnu við fasteignasöluna Inni á Egilsstöðum.

4. mál. Jafnlaunaáttak sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Erindi Vopnafjarðarhrepps dags. 9. des. og svar ráðuneytisins dags. 16. des. sl. – Fyrirhugaður fundur í Heilbrigðisráðuneyti 8. jan. nk.

Lagt fram erindi Vopnafjarðarhrepps frá 9. des. sl. til Heilbrigðisráðuneytisins, varðandi jafnlaunaáttak. Jafnframt lagt fram minnisblað unnið af KPMG dags. 9. des. um málið. Þá var lagt fram svar ráðuneytisins frá 16. des. sl.

Ennfremur gerð grein fyrir fundi fulltrúa Vopnafjarðarhrepps með heilbrigðisráðherra 8. jan. sl. og lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps, sem ráðherra var afhent á fundinum.

Í máli oddvita kom fram að óskir Vopnafjarðar um fjármagn til átaksins hefðu fallið í fremur gríttan jarðveg, enda þótt ráðuneytismenn og ráðherra virtust skilja vandamálið.

Framundan er að bíða eftir rökstuddu svari ráðuneytisins og bregðast við til samræmis við það, þegar það liggur fyrir.

Talsvert miklar umræður urðu síðan um málið þar sem fram komu sjónarmið fundarmanna.

Almennt töldu fundarmenn það ljóst að ráðuneytinu bæri að greiða þennan kostnað eins og óskað væri eftir og töldu að áfram skyldi vinna á þeirri braut að framlag fengist til að fullnusta umrædda yfirlýsingu um jafnlaunaáttak.

Mikilægt var talið að kynna fulltrúum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða stöðu málsins. Oddvita var falið að sjá til þess að það yrði gert eins fljótt og kostur er.

5. mál. Endalegur samningur um tryggingar milli Vís og Vopnafjarðarhrepps dags. 13. des. sl.

Lagður fram til kynningar undirritaður samningur milli Vopnafjarðarhrepps og Vátryggingarfélagss Íslands, sem undirritaður var 13. des. sl.

Hreppsnefnd hefur áður samþykkt frágang málsins með þessum hætti.

6. mál. Bréf til Vegagerðarinnar varðandi þjóðvegi í þéttbýli Vopnafjarðar.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 18. des. sl., varðandi skilgreiningu á þjóðvegum í þéttbýli sveitarfélagsins eftir að ný innkoma þjóðvegur inn í þéttbýli sveitarfélagsins var tekin í gagn við á síðasta ári.

Erindið er til skoðunar hjá Vegagerðinni.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna áfram að framgangi málsins.

7. mál. Bréf Vopnafjarðarhepps dags. 17. des. sl., til Umhverfissráðuneytisins, varðandi undanþágu á starfsleyfi Sundlaugar í Selárdal.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhepps til Umhverfissráðuneytisins dags. 17. des. sl., varðandi undanþágu á starfsleyfi sundlaugarinnar í Selárdal.

Erindið er til vinnslu í Umhverfissráðuneytinu í samvinnu við heilbrigðiseftirlitið.

Eins og kunnugt er þá er unnið að verulegum framkvæmdum í sundlauginni, sem eru forsenda þess að starfsleyfi verði gefið út til framtíðar.

Sveitarstjóra og oddvita var falið að vinna áfram að málinu.

Þingmaður vinstri grænna, Steingrímur Sigfússon, leit óvænt inn á fundinn, þar sem hann var ferð um svæðið. Formlegur fundur hreppsnefndar stöðvaður og teknar upp viðræður við Steingrím. Eftir ágætar samræður við Steingrím, vék hann síðan af fundi.

Formlegum fundi hreppsnefndar síðan framhaldið.

8. mál. Ásbræður tillaga að endanlegu lóðarblaði vegna frágangs á lóðarmálum milli Ásbræðra og Vopnafjarðarhepps.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhepps frá 5. júlí sl., varðandi uppkaup Vopnafjarðarhepps á bryggju, síldarskemmu og frágang lóðarmála við Ásbræður.

Jafnframt lagðir fram nýjir uppdættir að lóðum og byggingarreitum lóða undir húsum Ásbræðra og lóðum, sem þeir munu hafa til afnota undir byggngar. Uppdættirnir eru lítillega breyttir frá því sem áður hefur verið kynnt.

Oddviti gerði grein fyrir málinu og þeim breytingum sem gerðar hafa verið eftir fundi með fulltrúum Ásbræðara, þar sem unnið var að því að ná málum saman.

Lagði hann til að fyrirbyggjandi hugmyndir að lóðum yrðu samþykktar og að gengið yrði endanlega frá málum á þeim grunni.

Eftir umræður var málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum og var sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá málinu.

9. mál. Kaupvangur, kaffihús, ráðning.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Í framhaldi urðu nokkrar umræður um málið, þar sem fundarmenn lístu sjónarmiðum sínum. Að því búnu var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum að ganga til samninga við Sigurbjörgu Halldórsdóttur um rekstur kaffihúss í Kaupvangi.

10. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð stjórnar SSA frá 10. des. sl.

Lagt fram til kynningar

b) Bréf Umhverfisstofnunar dags. 13. des. sl., varðandi endurgreiðslu, vegna minkaveiða.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25